

Sp. **408. Fyrirspurnir.** [211. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvaða fyrirætlanir eru uppi um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum, sbr. þingsályktun um rannsóknir og hagnýtingu á sjávargróðrinum við Ísland, sem Alþingi samþykkti 18. maí 1976?

II. Til fjármálaráðherra um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað liður athugun á framkvæmd þingsályktunar frá 3. maí 1977 um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.